

Fundargerð

Samráðsfundur með fulltrúum hestamanna vegna gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Goðafoss

haldinn í gegnum Teams og í Þingeyjarsveit þann 30. júní 2021, kl. 13:00-14:00.

Fundarmenn:

Arna Hjörleifsdóttir, Umhverfisstofnun
Dagbjört Jónsdóttir, Þingeyjarsveit
Friðrik Jakobsson, formaður hestamannafélagsins Þjálfar
Hildur Vésteinsdóttir, fulltrúi hestamannafélagsins Þjálfar
Þórdís Björt Sigþórsdóttir, Umhverfisstofnun

Markmið fundar

Farið yfir sjónarmið hestamanna í tengslum við vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Goðafoss

Eftirfarandi atriði voru rædd á samráðsfundi

Staðan í dag. Áður en stígarnir voru byggðir upp við Goðafoss fóru hestamenn gömlu leiðirnar framhjá fossinum. Eins og staðan er í dag þá telja hestamenn að uppbyggingin sé ekki mjög hentug fyrir hestamenn og hefur skapast hættu þegar hestamenn hafa verið að koma með rekstur í gegnum svæðið.

Hugmyndir að uppbyggingu. Fulltrúar hestamanna kynntu tvær hugmyndir að uppbyggingu á fundinum, annars vegar að gert sé gerði að vestan áður en farið er yfir brúna og hinsvegar nýja reiðleið, en reiðleiðin sem er farin núna er eftir aðalgöngustígnum meðfram fljótinu að vestan og hún er hvorki heppileg né örugg. Hestamannafélagið leggur til reiðleið meðfram þjóðveginum og svo þaðan meðfram bílastæðinu að vestan niður að gömlu slóðunum að vaðinu yfir Hruteyjarkvísl. Þessar hugmyndir settu fulltrúar hestamanna einnig fram í umsögn í tengslum við friðlýsingu Goðfoss. Með nýrri uppbyggingu eins og fram hefur komið telja hestamenn að búið sé að tryggja öryggi hestamanna og gangandi vegfarenda.

Brúin, gamla og nýja. Umræður voru um nýja brú og hvort núverandi brú ætti þá að vera nýtt fyrir hestamenn. Þessi mál munu koma betur í ljós seinna meir hvað verður um brúna en ábyrgð á viðhaldi er óljóst.

Vegagerðin. Rætt var um ábyrgð Vegagerðarinnar hvað varðar það að tryggja reiðleið meðfram veginum. Mikilvægt er að eiga samtál við Vegagerðina varðandi þessi atriði. Fulltrúar Þjálfar eru tilbúnir til að vera í samstarfi við samtál við Vegagerðina vegna viðhalds á brúnni í tengslum við reiðleiðir.

Hvers konar rask myndi vera ef farið yrði í þessar framkvæmdir? Rætt var mögulegt rask á svæðinu í tengslum við þessar framkvæmdir, fulltrúar hestamanna töldu að það sé ekki þörf á uppbyggðri og umfangsmikilli reiðleið heldur væri nóg að ýta út og setja í leiðina, í þessu samhengi nefndu þeir að hestamenn eru oft að ríða gamla kindaslóða. Hugmyndir komu upp um að fara með grjóttatætara þarna yfir. Hestamenn nefndu mikilvægi þess að bera í leiðina svo hún yrði ekki að moldarsvaði.

Kostnaður á reiðstíg. Umræður um hver ber ábyrgð á kostnaði, rætt var möguleikinn að sækja um í innviðasjóðinn þar sem Goðafoss er nýfriðlýst svæði.

Fundarmenn sammála um að ef farið verði í þessar framkvæmdir þá verði að horfa til framtíðar og að vanda þurfi til verka.

Næstu skref. Samstarfshópur fundar í haust þar sem farið verður yfir þessi mál með landeigendum. Þegar niðurstaða er komin í málinu verða fulltrúar hestamanna upplýstir um málið og ef þörf þykir verður boðaður annar samráðsfundur.